



Atvinnustefna ASÍ– framtíð fyrir alla

Upplegg fyrir ársfund ASÍ 2004
Samþykkt í miðstjórn ASÍ 22. september 2004

Efnisyfirlit

EFNISYFIRLIT	2
1 INNGANGUR – ÞÖRF Á NÝRRI SÝN	3
1.1 SAMÞÆTTING HEFUR GEFIST VEL.....	4
2 MARKMIÐ MEÐ ATVINNUSTEFNU	6
3 AÐLÖGUN OG STARFSHÆFNI	6
3.1 MENNTAMÁL	7
3.1.1 <i>Grunnmenntun</i>	7
3.1.2 <i>Nýtt tækifæri til náms</i>	8
3.1.3 <i>Menntun á háskólastigi</i>	8
3.1.4 <i>Símenntun</i>	8
3.2 SVEIGJANLEIKI MEÐ ÖRYGGI.....	9
3.3 UPPLÝSINGAR OG SAMRÁÐ.....	10
3.4 ÁHERSLUR OG VERKEFNI.....	11
4 JÖFNUN TÆKIFÆRA	11
4.1 BYGGÐAÞRÓUN.....	12
4.2 ÁHERSLUR OG VERKEFNI.....	14
5 NÝSKÖPUN	14
5.1 ÁHERSLUR OG VERKEFNI.....	15

1 Inngangur – þörf á nýrri sýn

Miklar breytingar hafa orðið í íslensku atvinnulífi og samfélaginu öllu á tiltölulega stuttum tíma. Alþjóðavæðing, tæknibreytingar, nýsköpun og símenntun eru í auknum mæli hluti af daglegu lífi. Staða launafólks ræðst að verulegu leyti af þessum þáttum. Í þessum breytingum felast mörg tækifæri til framfara, en vissulega einnig mjög alvarlegar hættur, ef ekki er brugðist rétt við. Enginn vafi er á því að samtök launafólks eiga að knýja á um að þessi tækifæri verði nýtt launafólki til heilla. Jafnframt hlýtur það að vera forgangsverkefni að draga fram í dagsljósið hverjar hættur af þessari þróun eru og hvar þær leynast. Þess vegna ætlar Alþýðusamband Íslands að skipa sér í fararbrodd framfara og gera mál sem þeim tengjast að sínu helsta viðfangsefni á næstu misserum. Jafnframt kallar ASÍ á Samtök atvinnulífsins og stjórnvöld til samstarfs; samstarfs um mótun hagfellds umhverfis fyrir framfarir, samstarfs um aðlögun launafólks að þeim breytingum sem framfarir kalla á, og samstarfs um aðgerðir til að sporna gegn félagslegri einangrun einstaklinga, minnihlutahópa og byggðarlaga.

Þrátt fyrir að horft sé björtum augum til þeirra tækifæra sem felast í breytingum, er mikilvægt að standa vörð um nokkur grundvallargildi, gildi sem tengjast réttarstöðu launafólks á vinnumarkaðnum, gildi öflugs velferðarkerfis og gildi víðtækrar sáttar um grundvöll fyrir stöðugleika og fulla atvinnu í landinu.

Réttarstaða launafólks á vinnumarkaðnum hefur veikt á undanförunum misserum, þar sem öryggisleysis og félagslegra undirboða gætir í sífelld ríkari mæli. Það er ljóst að við stöndum frammi fyrir enn frekari breytingum á vinnumarkaðnum á næstu misserum. Þær koma fram í auknum kröfum um hagræðingu og fækkun starfa, rýrnandi innihaldi vinnunnar, lakari aðbúnaði og síauknum þrýstingi um lækkingu launa að lágmarkslaunum.

Breytt eignarhald fyrirtækja, ópersónulegar stjórnunaraðferðir og auknar kröfur um skammtímahagnað magna upp neikvæð áhrif þessara breytinga. Stjórnendur og eigendur fyrirtækja telja sig ekki lengur bera samfélagslega ábyrgð né ábyrgð á starfsmönnum sínum. Núverandi stefna stjórnvalda í vinnumarkaðsmálum, m.a. í málefnum útlendinga á íslenskum vinnumarkaði, gerir stöðuna enn alvarlegri. Verkalýðshreyfingin vill að vel sé tekið á móti útlendingum á íslenskum vinnumarkaði og ætlast til þess að þeir njóti sömu kjara og íslenskt launafólk. Því er hafnað að aðstæður þeirra og útgáfa atvinnuleyfa séu notuð til að rýra aðbúnað, innihald starfa og þrýsta niður launum.

Verkalýðshreyfingin getur ekki látið málin þróast með þessum hætti lengur. Að óbreyttu er Alþýðusambandið knúið til að endurskoða frá grunni þátttöku sína í samstarfi aðila vinnumarkaðar og stjórnvalda. Sé staða velferðarmála, þar sem niðurskurður og útþynning réttinda blasa við er sett í samhengi við þessa þróun, er ljóst að íslenska velferðarkerfið stefnir hraðbyri yfir í nauðpurftakerfi að amerískri fyrimynd, þar sem hver er sjálfum sér næstur. Alþýðusambandið hefur frá stofnun árið 1916 verið þeirrar skoðunar, að saman eigi að fara uppbygging í efnahags- og atvinnulífi og öruggt og tryggt velferðarkerfi. Við þurfum ekki að fara lengra en til hinna Norðurlandanna til að sjá yfirburði slíks

Þjóðfélagslíkans, því Danir, Svíar og Finnar eru þær þjóðir sem hafa náð mestum árangri, jafnt innan ESB og OECD á undanförunum árum.

Í tengslum við síðustu kjarasamninga var gerð tilraun til þess að ná samkomulagi við Samtök atvinnulífsins og stjórnvöld um nýja sameiginlega sýn á þessi mál. Hún bar ekki árangur og engin teikn virðast á lofti um breytta afstöðu þessara aðila.

Þjóðarsáttarsamningarnir árið 1990 fólu í sér ákveðna sameiginlega sýn á samþættingu efnahags- atvinnu- og félagsmála. Hún grundvallaðist á víðtæku samstarfi og samráði við lausn djúpstæðs efnahagsvanda. Efnahagslegar forsendur þessarar sýnar eiga ekki lengur við og því er þjóðarsáttin frá 1990 úr sögunni. Það er þó ljóst að þessi aðferð – þ.e. að mynda sameiginleg sýn á samþættingu efnahags- og atvinnumála og frið um forsendur velferðarkerfisins - á fullan rétt á sér. Reynslan sýnir, að samstarf verkalýðshreyfingar, atvinnurekenda og stjórnvalda, er besta aðferðin til að móta slíka framtíðarsýn.

1.1 Samþætting hefur gefist vel

Grundvöllur þjóðarsáttarinnar árið 1990 var efnahagslíkan sem byggði á því að tryggja stöðugleika í efnahagslífinu og verja forsendur velferðarkerfisins. Stöðugleikinn var skilgreindur sem stöðugt verðlag, full atvinna, traust umhverfi útflutnings- og samkeppnisgreina, til að tryggja auknar tekjur þjóðarbúsins og viðhalda jafnvægi í viðskiptum við útlönd. Mikilvægur hlekkur í þessari sátt var fastgengisstefna Seðlabankans. Stöðugleiki gengisins var ein af grundvallarforsendum fyrir því að hægt væri að tryggja langtíma hagsmuni útflutnings- og samkeppnisgreina. Þetta samstarf skilaði miklum árangri og bæði launafólki og fyrirtækjum miklum verðmætum.

Breytt umgjörð hagkerfisins, með fullu frelsi í gjaldeyrishreyfingum og flotgengisstefna sem tekin var upp 2001, hefur leitt til þess að grunnforsendur þeirrar sameiginlegu sýnar um samþættingu efnahags- og atvinnumála frá 1990 eru í reynd brostnar. Meginmarkmið efnahagsstefnunnar eins og hún er nú skilgreind af stjórnvöldum og Seðlabanka er „stöðugt verðlag“ en ekki stöðugleiki í atvinnulífi og full atvinna. Mistök í hagstjórn, t.d. af völdum skattalækkana þegar ofpensla er í hagakerfinu, koma fram sem aukið óöryggi í atvinnumálum og miklar sveiflur í gengisskráningu íslensku krónunnar. Við slíkar aðstæður verður Seðlabankinn lögum samkvæmt að bregðast við með vaxtahækkunum til að sporna við aukinni eftirspurn og ofpenslu. Þær koma aftur niður á kjörum launafólks og samkeppnisstöðu útflutnings- og samkeppnisgreina.

Miklar efnahagssveiflur hafa lamandi áhrif á möguleika nýrra fyrirtækja að dafna, sérstaklega fyrirtækja í framleiðsluiðnaði. Ennfremur hafa atvinnumöguleikar á landsbyggðinni versnað á undanförunum árum og atvinnutækifærum þar hefur fækkað. Jafnframt því hefur launa- og tekjumunur vaxið.

Það er því óhjákvæmilegt að endurskoða forsendur fyrir samþættingu efnahags- og atvinnumála í ljósi breytinga á stjórn peningamála. Að sama skapi er óhjákvæmilegt að markmið um félagslegan jöfnuð og réttlæti verði skilgreind sem jafnsett þessum þáttum. Ef við ætlum að ná

markmiðum okkar um fjölbreytt og kröftugt atvinnulíf og fulla atvinnu, er knýjandi þörf fyrir því að skapa forsendur fyrir stöðuleika í atvinnulífi, en einblína ekki einungis á stöðugt verðlag. Við getum augljóslega ekki horfið aftur til fastgengisstefnu fyrri ára. Það er hins vegar ljóst að flotgengisstefnan grefur undan stöðuleika í atvinnulífinu og þar með forsendum um sjálfbæran og viðvarandi hagvöxt.

Það er við þessar aðstæður óvissu í efnahagsmálum, atvinnumálum og félags- og vinnumarkaðsmálum að Alþýðusambandið kallar eftir samræðum og samstarfi við Samtök atvinnulífsins og stjórnvöld til að finna nýjar leiðir við að samþætta stefnuna. Markmið þeirrar vinnu verði að tryggja „.. að íslensks efnahagslíf verði framsækið og samkeppnishæft, tryggi sjálfbæran hagvöxt, fulla atvinnu, góð störf og félagslegan jöfnuð.“

Alþýðusambandið vill skipa sér í framvarðarsveit þeirra sem vilja nýta þau tækifæri sem alþjóðavæðing, tæknibreytingar og aukin samkeppni bjóða. Það er þó ófrávíkjanleg krafa að um leið náist samstarf um að sporna gegn þeim miklu hættum sem þessi þróun skapar. Í því sambandi hefur Atvinnumálanefnd miðstjórnar ASÍ, ásamt Menntanefnd og Velferðar- nefnd, lagt mikla vinnu í að leggja fram ítarlegar tillögur um leiðir að þessu marki undir yfirskriftinni „Atvinnustefna ASÍ – framtíð fyrir alla“.

2 Markmið með atvinnustefnu

Á ársfundi ASÍ árið 2002 var mótuð sú framtíðarsýn að: „Að Íslendingar setji sér það markmið í efnahags-, atvinnu- og félagsmálum, að íslenskt efnahagslíf verði framsækið og samkeppnishæft, tryggji sjálfbæran hagvöxt, fulla atvinnu, góð störf og félagslegan jöfnuð.“ Samþætting efnahags-, atvinnu- og félagsmála er þannig grundvöllur atvinnustefnu sem miðar að því að treysta stöðu/réttindi launafólks, skapa fleiri og betri störf sem byggja á hæfu starfsfólki, frumkvæði og framsækni, aðlögunarhæfni og jafnrétti á vinnumarkaði.

Til þess að ná þessum markmið telur ASÍ að atvinnustefnan eigi að hvíla á þremur meginstoðum, aðlögun og starfshæfni, félagslegum jöfnuði og nýsköpun. En af hverju veljum við þessar þrjár stoðir? Jú, ástæðan er einföld. Atvinnustefnan eins og hún birtist hér er einskona framkvæmdaáætlun fyrir samþættingu heildarstefnu í efnahags-, atvinnu- og félagsmálum. Henni er ætlað að endurspeglar áherslur og framtíðarsýn ASÍ í samþættri heildarstefnu í efnahags- atvinnu- og félagsmálum.

Nýsköpun er drifkraftur viðvarandi hagvaxtar og undirstaðan fyrir traust efnahagslíf. Nýsköpun er einnig uppspretta nýrra vellaunaðra starfa og helsta vopnið í vaxandi samkeppni milli fyrirtækja og landa.

Félagslegur jöfnuður skapar verðmæti í sjálfu sér, því hann skapar sátt um markmið og leiðir. Hann sættir fólk við þær breytingar sem þarf að gera í atvinnulífi og samfélaginu öllu til að ná settum markmiðum.

Sveigjanleiki með öryggi ásamt aðlögunarhæfni er lykill atvinnulífsins að aukinni samkeppnishæfni. Fyrirtæki þurfa að vera sveigjanleg til að aðlagst breyttum aðstæðum hverju sinni og nýta þær sér til hagsbóta. En aðlögunin má ekki bitna á launafólki. Launafólk verður að geta treyst því að það verði ekki skilið eftir bjargarlaust og verði eitt látið bera herkostnaðinn við aðlögunina. Það verður að geta treyst því að samfélagið sjái til þess að til staðar sé öryggisnet sem grípi það ef illa fer. Það verður að geta treyst á að það fái stuðning við að ná fótfestu á nýjan leik.

Í köflunum hér á eftir er fjallað um hverja stoð fyrir sig og dregnar fram helstu áherslur fyrir hverja þeirra. Í kafla 3 er fjallað um aðlögun og starfshæfi. Undir þeirri stoð er lögð megináhersla á menntun og sveigjanleika með öryggi. Í fjórða kafla er jöfnun tækifæra og er mest áhersla lögð á byggðapróun og mótun byggðastefnu undir þeirri stoð. Einnig er fjallað um mikilvægi velferðarkerfisins, jafnréttis kynjanna og jafna meðhöndlun fólks á vinnumarkaði. Í sjötta og síðasta kaflanum er fjallað um nýsköpun. Þar er lögð áhersla á að nýsköpun sé drifkraftur viðvarandi hagvaxtar og uppspretta góðra og vel launaðra starfa. Lögð er áhersla á mótun verði stefna í nýsköpun og frumkvöðlastarfi og að nýsköpun verði sköpuð hagstæð skilyrði.

3 Aðlögun og starfshæfni

Aðlögun og starfshæfni er sú stoð í atvinnustefnunni sem ætlað er að stuðla að félagslegri aðlögun fólks að breytingum í atvinnulífinu.

Það er óumflýjanleg afleiðing nýsköpunar að störf breytast eða leggjast af og önnur verða til, t.d. vegna þróunar í fjarskipta- og framleiðslutækni. Störfum við ýmiss konar þjónustu fjölga en störf í hefðbundinni framleiðslu og frumvinnslu fækka. Í þessum breytingum felast tækifæri til að skapa fleiri góð störf, störf sem geta staðið undir kröfum launafólks og atvinnurekenda um bætt kjör og hagnað.

Á hinn bóginn felast í breytingunum ýmsar hættur sem nauðsynlegt er að sporna gegn. Að undanförunum hefur launafólk t.d. orðið vart við að atvinnuöryggi og afkomuöryggi hefur minnkað til muna. Stöðugt fleiri eru ráðnir til starfa á grundvelli óhefðbundins ráðningarfyrrirkomulags, t.d. í tímabundin verkefni, sem verktakar, gegnum starfsmannaleigur og jafnvel án aðildar að stéttarfélögum. Þá hafa auknar kröfur á vinnumarkaði valdið því að margt ungt fólk, eldri borgarar, öryrkjar og fleiri hópar eiga erfiðara með að finna starf við hæfi en áður.

Til að stuðla að félaglegri aðlögun fólks að breytingum í atvinnulífinu er nauðsynlegt að:

- Efla menntakerfið með áherslu á grunnmenntakerfi og nýtt tækifæri til náms
- Bæta aðgengi og framboð hvers kyns símenntunar sem sniðið er bæði að þörfum atvinnulífsins og einstaklinga og efla virkar vinnumarkaðsaðgerðir til þess að auðvelda fólki starfsleit
- Tryggja samstarf milli atvinnurekenda og launafólks og fulltrúa þeirra um aðlögun að breytingum, hvort sem það felst í hagræðingu, sameiningu fyrirtækja eða innleiðingar nýrrar tækni.
- Tryggja þríhliða samstarf aðila vinnumarkaðarins og stjórnvalda til að ná sátt um markmið og aðgerðir.

3.1 Menntamál

Öflug og markviss menntastefna er helsti lykillinn að þróttmiklu, framsæknu og samkeppnishæfu atvinnulífi sem er megnugt að tryggja næga atvinnu, góð störf og félagslegan jöfnuð. Öflug og framsækin menntastefna verður að byggja á:

- Traustri og góðri grunnmenntun, og
- Menntun alla ævina – Símenntun

Framsækin menntastefna er jafnframt lykillinn að virkri stöðu einstaklinganna í atvinnulífinu og í samfélaginu almennt.

3.1.1 Grunnmenntun

Það er skylda samfélagsins og réttur einstaklinganna að allir fái góða grunnmenntun.¹ Þetta er sameiginlegt verkefni grunn- og framhaldsskólans sem kosta á úr sameiginlegum sjóðum. Það er þessu samhengi sem skilja ber kröfuna um „jafnrétti til náms“. Hún felur í sér:

- Fjölbreytt framboð á námsleiðum, námsskipulagi og kennsluhætti sem uppfylla mismunandi væntingar og hæfileika nemenda og miða að því að laða fram það besta í hverjum og einum. Öflug náms- og starfsráðgjöf er mikilvægt verkfæri til að ná þessu markmiði.

¹ Með grunnmenntun er hér átt við grunnskóla- og framhaldsskólamenntun.

- Framboð á námi sem uppfyllir kröfur um gæði menntunar sem hefur skýr og vel skilgreind markmið, óháð því hvar og hvaða námsleiðir eru valdar.
- Möguleika ungmenna til að nýta sér þá menntun sem í boði er óháð efnahag, búsetu og félagslegri stöðu.

Markmiðið er að öll ungmenni ljúki skilgreindu námi úr framhaldsskóla sem er viðurkennt á vinnumarkaði og til frekara náms.

Með markvissri og framsækinni menntastefnu má bregðast við miklu brottfalli framhaldsskólanema sem einkennt hefur grunnmenntakerfið hér á landi.

3.1.2 Nýtt tækifæri til náms

Ófullkomið menntakerfi hér á landi veldur því að mikill fjöldi fólks á vinnumarkaði hefur ekki næga grunnmenntun og á því erfitt með takast á við breytingar á vinnumarkaði og nýta sér nýja möguleika í atvinnulífinu. Vannýttur mannauður á íslenskum vinnumarkaði þýðir sóun fyrir samfélagið. Það er skylda samfélagsins að tryggja að þessir einstaklingar fái nýtt tækifæri til að afla sér grunnmenntunar.

Nýtt tækifæri til náms er eitt stærsta verkefni sem Íslendingar þurfa að takast á við á næstu árum. Nýtt tækifæri til náms er um leið mikilvægt framlag til aukins jafnréttis og jafnaðar í samfélaginu. Öflugt kerfi við mat á raunfærni, markviss ráðgjöf og framboð á góðri menntun við hæfi eru mikilvæg verkfæri í þessum efnunum.

Einstaklingarnir sjálfir verða að sýna ákveðið frumkvæði, en atvinnulífið getur jafnframt veitt þeim mikilvægan stuðning og aðstoð. Fjármagn til þessarar menntunar á, eins og til annarrar grunnmenntunar, einkum að koma úr sameiginlegum sjóðum samfélagsins.

3.1.3 Menntun á háskólastigi

Þekkingarsamfélagið kallar á stöðugt meiri og fjölbreyttari menntun. Mikilvægt er að menntun á háskólastigi endurspegli sem best þessar kröfur. Til að svo megi verða er nauðsynlegt að auka fjölbreytni í háskólanámi með sérstaka áherslu á verk- og tæknimenntun af ýmsum toga.

Nauðsynlegt er að viðurkenna rétt og greiða leið þeirra sem aflað hafa sér þekkingar og reynslu með verklegu námi, óformlegu námi og með starfsreynslu af ýmsum toga til náms á framhalds- og háskólastigi. Þannig tryggjum við að fleiri ljúki námi á háskólastigi með breiðari og fjölbreyttari menntun en nú er raunin og eykur á fjölbreytileika í atvinnulífinu.

3.1.4 Símenntun

Nýsköpun í atvinnulífinu og örar tæknibreytingar kalla á að einstaklingarnir endurnýi stöðugt þekkingu sína og færni. Mikill vöxtur hefur verið í símenntun (endur- og eftirmenntun) á liðnum árum. Í fyrsta sinn stendur stórum hópum launafólks til boða starfstengt nám og nám sem ætlað er að efla almenna hæfni. Rannsóknir sýna þó að enn fá þeir mesta og fjölbreyttasta möguleika til símenntunar sem hafa mesta menntunina fyrir.

Mikilvægt er að símenntun fyrir almennt launafólk verði eflid til muna og hún gerð markvissari. Slíkt þarf að gera út frá þörfum einstaklingsins fyrir aukna þekkingu og einnig út frá þörfum atvinnulífsins fyrir meiri og markvissari þekkingu og hæfni í starfi. Slíkar þarfir geta oft farið saman. Þannig styrkir almenn menntun af ýmsu tagi einstaklinga í starfi um leið og hún eflir þá og eykur möguleika þeirra sem einstaklinga. Þá gegnir ýmis sértæk starfstengd þekking jafnframt því hlutverki að efla einstaklingana í leiðinni og hvetja þá til að sækja sér frekari þekkingu.

Símenntun er á ábyrgð samfélagsins, einstaklinganna og atvinnulífsins. Mikilvægt er að samfélagið eigi ákveðið frumkvæði og hvetji einstaklingana til að sækja sér slíka menntun. Símenntun sem miðar að því að auka við menntun fólks sem komið er á vinnumarkaðinn og bæta almenna menntun í landinu, kallar á ríka þátttöku og frumkvæði samfélagsins með þátttöku atvinnulífs og einstaklinganna. Símenntun sem miðar að mjög sértækri verkþekkingu í atvinnulífinu verður að vera á sameiginlega ábyrgð atvinnulífsins og samfélagsins.

3.2 Sveigjanleiki með öryggi

Á heildina litið má segja að atvinnurekendur hafi gert æ meiri kröfur til starfsfólks um sveigjanleika – **án þess að því hafi verið búið bætt öryggisnet**. Nauðsynlegt er að bæta úr þessu misræmi með áherslubreytingum: 1) Frá einhliða ákvörðuðum sveigjanleika til samningsbundins sveigjanleika, og 2) frá kröfu um starfsöryggi til kröfu um atvinnuöryggi.

Þrátt fyrir aukið framboð á símenntun og aukna þátttöku launafólks í ýmiss konar aðgerðum til að auka færni sína og þekkingu þá verður það algengara að fólk verði án vinnu um skemmri eða lengri tíma. Mikilvægt er að traust og gott öryggisnet sé til staðar við þessar aðstæður og tryggi þessum einstaklingum afkomuöryggi á meðan það er að bregðast við og aðlagast breyttum aðstæðum.

Þetta gerir þá kröfu að allt kerfi atvinnuleysisbóta og virkra vinnumarkaðsaðgerða verði endurskoðað frá grunni með það að markmiði að bæta hag og treysta réttarstöðu launafólks og gera vinnumarkaðsaðgerðir virkari þannig að þær mæti sem best þörfum og væntingum einstaklinga og atvinnulífsins á hverjum tíma.

Helstu áhersluatriðin eru:

- Hækkun bóta (lágmark tengt lægstu launum) og könnun á tekjutengingum m.v. fyrri laun viðkomandi.
- Einfaldari og skilvirkari stjórnsýsla í tengslum við atvinnuleysisbótakerfið.
- Áhersla á virkar vinnumarkaðsaðgerðir sem hafa það markmið að auka atvinnumöguleika fólks.
- Heildarendurskoðun laga um Atvinnuleysistryggingar og Vinnumarkaðsaðgerðir með það að markmiði að bæta hag og treysta réttindi atvinnulausra og gera kerfi vinnumarkaðsaðgerða betra og skilvirkara.

Endurskoðun laga um Atvinnuleysistryggingar og vinnumarkaðsaðgerðir er hafin með aðild fulltrúa ASÍ. Alþýðusambandið mun leggja ríka áherslu á að framangreind markmið verði höfð að leiðarljósi í því starfi.

Með sívaxandi hörku á vinnumarkaði eru fleiri og fleiri dæmdir út af vinnumarkaðnum vegna þess að þeir standa halloka af einhverjum ástæðum. Mikilvægt er að treysta stöðu þessara hópa með því að bjóða upp á sértæk símenntunarnámskeið sem eru miðuð að þörfum þeirra. Sérstaklega er mikilvægt að líta til eldra fólks á vinnumarkaði og hvernig hægt er að nýta reynslu þess. Jafnframt er mikilvægt að auðvelda fólki að takast á við þær breytingar sem felast í því að hætta þátttöku á vinnumarkaði og eins þegar fólk fer út á vinnumarkaðinn. Sveigjanleg starfslok er atriði sem nefnt hefur verið varðandi það að auðvelda fólki að hverfa af vinnumarkaði. Jafnframt er mikilvægt að huga að þeim sem eru að stíga sín fyrstu spor á vinnumarkaðnum og eins þeim sem eru að koma inn á vinnumarkað að nýju eftir tímabundið hlé svo sem vegna fjölskylduábyrgðar.

3.3 Upplýsingar og samráð

Mikilvægt er að atvinnurekendur og launafólk vinni saman að því að koma á nauðsynlegum breytingum, til að viðhalda samkeppnishæfni atvinnulífsins. Tortryggni milli aðila getur hamlað eðlilegum framförum og dregið úr samkeppnishæfni. Við aðlögun að breyttum aðstæðum, hvort sem hún felst í hagræðingu, sameiningu fyrirtækja eða innleiðingar nýrrar tækni, verður að eiga sér stað virk upplýsingamiðlun, samráð og samningaviðræður á öllum stigum breytinganna, þar sem tekið er tillit til allra hagsmunaaðila.

Mikilvægt er að samstaða ríki í öllu samfélaginu um aðlögun að breytingunum. Ljóst er að þær geta bitnað harkalega á ákveðnum einstaklingum, minnihlutahópum og byggðarlögum sem erfitt eiga með að laga sig að nýjungum. Samhliða aðlögun að breytingum er því nauðsynlegt að tryggja jöfn tækifæri til grundvallarlífsgæða, óháð búsetu, efnahag, kyni, aldri eða uppruna.

Mynda þarf trúverðugan vettvang fyrir þríhliða samstarf aðila á vinnumarkaði, og stjórnvalda, (þar með talið sveitarfélaga) til að tryggja hagsmunum allra aðila þannig að allir hagnist þegar upp er staðið. Samstarfið þarf að fela í sér greiningu á tækifærum og ógnunum, og móta viðbrögð við þeim. Þetta getur falið í sér að semja leiðbeinandi verklagsreglur um hagræðingu í fyrirtækjum eða starfsgreinum, gera áætlun um símenntun og fylgjast með breytingum í atvinnuþáttum.

Eigendur fyrirtækja verða einnig að axla ábyrgð á þeim afleiðingum sem ákvarðanir þeirra hafa á starfsfólk, fjölskyldur þeirra og byggðarlög. Það er ekki sjálfgefið að stjórnir fyrirtækja geti með einhliða ákvörðun kippt grundvöllinum undan lífsafkomu heilla byggðarlaga, á grundvelli skammtíma sjónarmiða.

3.4 Áherslur og verkefni

Helstu áherslur ASÍ til að treysta aðlögunarhæfi atvinnulífsins eru:

- Grunnmenntun fyrir alla án tillits til efnahags, búsetu og félagslegrar stöðu. Þetta er hornsteinn fyrir raunverulegu jafnrétti til náms. Öllum verði veitt góð grunnmenntun við hæfi, þar sem tryggt verði að allir ljúki formlegu námi á þessu stigi, af einhverju tagi.
- Nýtt tækifæri til náms verði veitt þeim einstaklingum sem hafa ekki náð að ljúka formlegu námi á grunnstigi (grunn- og framhaldsskólastigi)
- Símenntun fyrir almennt launafólk verði eflt til muna og hún gerð markvissari. Með það í huga þarf að móta starfstengda símenntun og starfsþjálfum á vinnustað. Einnig þarf að jafna misgengi á milli þarfa atvinnulífsins, þekkingar í samfélaginu og þarfa einstaklinganna.
- Traust og öruggt atvinnuleysistryggingakerfi sem tryggi atvinnulausum afkomuöryggi á meðan þeir takast á við breytingar á vinnumarkaði.
- Vinnumarkaðsaðgerðir sem felast í því aðstoða fólk við að finna starf við hæfi og símenntun til að tryggja að fólk geti nýtt sér tækifæri á vinnumarkaði sem bjóðast. Sérstaklega þarf að huga að ungu fólki á vinnumarkaði og eldra fólki.
- Koma á þríhliða samstarfi um aðlögun og endurnýjun atvinnulífsins, milli aðila vinnumarkaðarins og stjórnvalda. Samstafið feli meðal annars í sér greiningu á tækifærum og ógnunum og mótun viðbragða við þeim. Samstarfið verði m.a. byggt á efnisatriðum tilskipana Evrópusambandsins um upplýsingar og samráð.
- Við aðlögun að breyttum aðstæðum, hvort sem hún felst í hagræðingu, sameiningu fyrirtækja eða innleiðingu á nýrri tækni, verður að eiga sér stað virk upplýsingamiðlun, samráð og samningaviðræður á öllum stigum breytinganna, þar sem tekið er tillit til allra hagsmunaaðila.

4 Jöfnun tækifæra

Jöfnun tækifæra er sú stoð í atvinnustefnunni sem ætlað er að stuðla að eðlilegri sátt í þjóðfélaginu og sporna gegn félagslegri einangrun einstaklinga, minnihlutahópa og byggðarlaga sem erfitt eiga með að laga sig að nýjungum.

Með jöfnun tækifæra er átt við að allir hafa sömu tækifæri til atvinnuþátttöku, til að koma sér upp húsnæði, til menntunar, til heilbrigðisþjónustu o.s.frv., óháð búsetu, efnahag og félagslegri stöðu. Slíkur jöfnuður stuðlar að eðlilegri sátt í þjóðfélaginu og spornar gegn félagslegri einangrun einstaklinga, minnihlutahópa og byggðarlaga sem erfitt eiga með að aðlagast nýjungum.

Lykillinn að jöfnun tækifæra felst í öflugu velferðarkerfi. Slíkt kerfi stuðlar að þroska einstaklinga í samræmi við getu þeirra og hvetur til sjálfsbjargar. Þannig getur það leitt til jöfnunar tækifæra.

Skortur á atvinnutækifærum kann að vera stór áhættuþáttur varðandi erfiða afkomu ákveðinna hópa í samfélaginu. Á landsbyggðinni getur verið erfitt fyrir bæði hjón að finna atvinnu við hæfi. Þá kann að vera að harðnandi samkeppni á vinnumarkaði geri öryrkjum erfiðara en áður að finna vinnu við sitt hæfi.

Aukin þátttaka útlendinga á íslenskum vinnumarkaði hefur verið í brennidepli. Einn liður í því að tryggja fólki af erlendum uppruna sömu tækifæri á íslenskum vinnumarkaði er að tryggja aðgang að kennslu í íslensku og fræðslu um íslenskt samfélag.

Skortur á menntun er einnig áhættuþáttur varðandi fátækt. Mikið brottfall er úr framhaldsskólum og einsýnt er að stór hópur nemenda finnur ekki nám við hæfi. Íslenska skólakerfið virðist þannig ekki þjóna stórum hópi íslenskra ungmenna. Aukinn skólakostnaður veldur því að erfitt er fyrir námsmenn úr efnaminni fjölskyldum að stunda nám í framhaldsskólum.

Eitt stærsta vandamál hinna tekjulægri í þjóðfélaginu er hár húsnæðiskostnaður og skortur á félagslegu húsnæði. Þessi vandi hefur aukist eftir að gamla félagslega íbúðalánakerfið var lagt af árið 1998. Hátt verð á mörgum nauðsynjavörum svo og lyfjum og heilbrigðisþjónustu, kemur einnig illa við marga tekjulága einstaklinga.

Jafnrétti kynjanna hefur verið í brennidepli um árabil og ýmsar framfarir orðið í þeim efnum. Launamunur kynjanna er eftir sem áður verulegur og greinilega þarf áfram þarf að vinna að verkefnum til að eyða þessum mun.

4.1 Byggðapróun

Segja má að byggðapróun sé í raun eðlilegur þáttur af því síbreytilega umhverfi sem við búum við og þarf alls ekki að vera neikvætt. Við lifum í heimi breytingar þar sem atvinnuhættir og samfélagið er sífelld að endurnýjast. Það er því eðlilegt að fólk flytji sig um set til að bæta afkomumöguleika sína og auka lífsfyllingu. Afleiðingarnar geta hins vegar verið slæmar fyrir þá sem eftir sitja. Færri einstaklingar verða eftir til að halda uppi eðlilegri þjónustu í viðkomandi byggðarlagi, hún verður dýrari og ef til vill verður ómögulegt að bjóða upp á allt sem íbúarnir vilja. Verð á fasteignum lækkar og smám saman grefur undan grundvellingum fyrir ýmsum atvinnugreinum, sérstaklega þjónustu, sem aftur ýtir undir enn frekari flutninga. Staða margra byggðarlaga er ef til vill erfið en ekki vonlaus. Til þess að hafa áhrif á þróunina verðum við að skoða hvað það er sem veldur henni og marka okkur stefnu í samræmi við þær niðurstöður.

Það hefur komið í ljós að hagvöxtur og skipting gæða er mjög mismunandi eftir byggðarlögum. Því hefur fylgt mikill flutningur fólks af landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins. Slíkt er ekki nýtt af nálinni. Meginorsök búferlaflutninga eru breyttir hættir í landbúnaði og fiskveiðum, fábreytt atvinnulíf, aukinn hluti þekkingar í framleiðslu og breytt gildismat fólks. Það má því spyrja hvort það sé ekki eðlilegt að fólk flytji til að bæta afkomuöryggi sitt, lífskjör sín. Í þessu sambandi er því áhugavert að skoða nokkra þætti sem hafa áhrif á búsetu fólks:

- Menntun og aðgengi að menntun hefur mikil áhrif á búsetuval ungs fólks. Það hefur sýnt sig að atvinnutækifæri fyrir ungt vel menntað fólk eru af skornum skammti á landsbyggðinni. Fyrir bragðið eiga þeir sem yfirgefa áttthagana til að sækja sér menntun sjaldan afturkvæmt.
- Aðgangur að ýmiss konar samfélagslegri þjónustu. Eftir því sem sveitarfélögin eru stærri og fjölmennari því betur eru þau í stakk búin til að takast á við aukin samfélagsleg verkefni
- Samgöngur auka aðgengi að stærri þéttbýliskjörnum og auðvelda aðgengi að margskonar þjónustu eins og heilbrigðisþjónustu og auka þar með lífsgæði fólks í dreifðari byggðum.
- Tækniframfari geta haft áhrif á búsetu fólks. Í kjölfar tækniframfara hafa störf horfið af landsbyggðinni og fábreytni aukist í atvinnulífi byggðarlaga. Það hefur einnig færst í vöxt að fyrirtæki skipti starfsemi sinni upp á milli staða þar sem framleiðslan er í litlu þéttbýli en vörubrúun, sala og rannsóknir eru á höfuðborgarsvæðinu.
- Menning og aðgengi að ýmiss konar afþreyingu hefur áhrif á búsetu. Með auknum frítíma eykst krafan um fjölbreytt framboð af ýmiskonar afþreyingu og menningu.

Vandi landsbyggðarinnar er margbrotinn og engin einföld lausn er til á honum. En það er ljóst að áhrifarík byggðastefna þarf að snúast um þá þætti sem hafa áhrif á búsetu fólks, þ.e. að skapa skilyrði fyrir kröftugu menningalífi, aðgengi að þjónustu, jöfnun tækifæra og að félagslegur jöfnuður verði tryggður. Byggðastefnan þarf að miða að því að treysta grunn fyrir afkomu heimila og fyrirtækja í landinu með því m.a. að byggja upp og viðhalda ýmsum innviðum samfélagsins eins og menntakerfi, samfélagslegri þjónustu, samgöngukerfi og dreifikerfi til samskipta. Þegar upp er staðið þá eru það hagsmunir launafólks og afkomumöguleikar þeirra sem skipta sköpum um mótun byggðastefnu. Stefna sem eykur afkomumöguleika fólks, jafnvel þótt það þurfi að flytja sig um set, er betri en sú sem dæmir það til fátæktar. Búferlaflutningar síðustu ára hafa berlega leitt í ljós að Ísland er einn vinnumarkaður og fólk flytur á milli staða til þess að bæta lífskjör sín. Það er ekki hægt að koma í veg fyrir byggðaprúun en með markvissri stefnumótun og aðgerðum er hægt að hafa áhrif á hana og draga úr neikvæðum áhrifum hennar.

Megininntak byggðastefnu felst því í að:

- Aðstoða byggðarlög í því að nýta sér staðbundna framleiðsluþætti og styðja þá ytri þætti á hverjum stað sem stuðla að hagkvæmni og fjölbreytni í atvinnulíf.
- Byggja upp fyrirtækja- og/eða rannsóknarklasa í tengslum við sérhæfingu viðkomandi staðar.
- Efla menntun og aðgengi að menntun m.a. með uppbyggingu menntasetra um allt land og að hvetja fólk til þess að afla sér menntunar við hæfi af einhverju tagi. Mikilvægt er að uppbygging menntasetra sé í tengslum við stöðu hvers byggðarlags.
- Undirstaða fyrir uppbyggingu nýrra atvinnugreina og atvinnuhátta verði þekking og færni og framboð á starfsmenntuðu fólk einn þeirra þátta sem ráða staðarvali fyrirtækja.

- Efla samgöngur og aðgengi að samfélagslegri þjónustu.
- Tryggja framboð og aðgengi að fjölbreyttri menningu og afþreyingu um allt land.

Það eru víða ónýtt tækifæri í íslensku atvinnulífi en til að allir íbúar landsins hafi sömu möguleika á að nýta sér þau, þá verður ný atvinnusókn að byggjast á frumkvæði og dugnaði landsmanna, jafnri aðstöðu og jafnari skiptingu sameiginlegra gæða. Þegar öllu er á botninn hvolft þá eru það möguleikar fólks til að skapa sér afkomu og umhverfi sem það vill búa í sem skipta sköpum við val fólks á búsetu.

4.2 Áherslur og verkefni

- Jöfn tækifæri allra til atvinnuþátttöku, til að koma sér upp húsnæði, til menntunnar, til heilbrigðisþjónustu og o.s.frv. óháð, búsetu, efnahag og félagslegri stöðu.
- Innleidd verði í íslenska löggjöf efnisþættir tilskipana Evrópusambandsins um jafna meðhöndlun og bann við mismunun á vinnumarkaði. Allt launafólk á íslenskum vinnumarkaði njóti sömu réttinda í skjóli samræmdrar og heildstæðrar löggjafar.
- Jafn réttur og jöfn tækifæri kvenna og karla til launa og starfa eru grundvallarréttindi.
- Konum og körlum sé gert mögulegt að samræma fjölskylduábyrgð og þátttöku á vinnumarkaði, óháð fjölskylduformi.
- Að móta á sínum vettvangi byggðastefnu sem miðar að því að treysta grunn fyrir afkomu heimila og rekstur fyrirtækja með því m.a. að byggja upp og viðhalda ýmsum innviðum samfélagsins eins og menntakerfi, samfélagslegri þjónustu, samgöngukerfi og dreifikerfi til samskipta. Við mótun byggðastefnunnar verði kallað eftir breiðu samstarfi ýmissa aðila í samfélaginu, m.a. sveitarfélaga og stofnana sem koma að byggðamálum og atvinnuþróun.

5 Nýsköpun

Nýsköpun er sú stoð í atvinnustefnunni sem ætlað er að stuðla að hagvexti, fullri atvinnu og góðum störfum í landinu.

Á hverju ári bætast þúsundir manna við vinnumarkaðinn. Til þess að tryggja fulla atvinnu þarf því stöðugt að skapa fleiri störf. Þetta gerir þá kröfu að efnahagslífið sé samkeppnishæft. Mikilvægt er að samkeppnishæfni grundvallist á gæðaframleiðslu og framleiðniaukningu (hálaunaleið) fremur en ódýrri fjöldaframleiðslu (láglaualeið).

Lykillinn að hálaunaleiðinni felst í nýsköpun. Nýsköpun felur í sér ferli rannsókna, þróunar, tæknivæðingar og skipulagsbreytinga. Fjöldi aðila tekur þátt í þessu ferli: Rannsóknarstofnanir, sprotafyrirtæki, atvinnurekendur, fjármögnunaraðilar, stjórnvöld o.s.frv. Nýsköpun hefur auk þess áhrif á fjölda annarra aðila sem ýmist sjá í henni tækifæri eða ógnanir.

Til að nýsköpun skili tilætluðum árangri er mikilvægt að búa þeim sem að henni koma viðunandi starfsskilyrði, svo sem eins og aðgang að nægu

áhættufjármagni. Einnig er mikilvægt að byggja upp traust milli allra aðila sem nýsköpunin kann að hafa áhrif á, t.d. með öflugum samráði ólíkra hagsmunaaðila.

Fjármögnun hefur reynst mörgum sprotafyrirtækjum hér á landi erfið. Rannís hefur úr takmörkuðum fjármunum að spila og Nýsköpunarsjóður hefur ekki haft bolmagn til að fjármagna ný verkefni undanfarin ár.

Stjórnvöld, Seðlabankinn og aðilar vinnumarkaðarins bera sameiginlega ábyrgð á stöðugleika í efnahagslífinu. Ósamstaða milli þessara aðila getur leitt til verðbólgu og óvissu um forsendur efnahagslegra ákvarðana. Því er mikilvægt að þessir aðilar myndi með sér sátt sem miðar jafnt að því að tryggja fulla atvinnu og skapa viðunandi starfsskilyrði fyrir nýsköpun.

5.1 Áherslur og verkefni

- Til að tryggja fulla atvinnu þarf stöðugt að skapa ný störf.
- Þetta gerir þá kröfu að efnahagslífið sé samkeppnishæft.
- Samkeppnishæfni á að grundvallast á framleiðniaukningu. Hafna þer hugmyndum um samkeppnishæfni grundvallaðri á ódýrri fjöldaframleiðslu og lágláunastörfum.
- Lykillinn að framleiðniaukningu felst í nýsköpun.
 - Nýsköpun felur í sér ferli rannsókna, þróunar og tæknivæðingar.
 - Sameina þarf krafta opinberra rannsóknarstofnana og tengja þær betur við háskólana og atvinnulífið.
 - Búa þarf hæfileikaríkum fræðimönnum sem eru tilbúnir til að setjast hér að og stunda rannsóknir, aðlaðandi umhverfi.
 - Búa þarf sprotafyrirtækjum hagstæð skilyrði til að dafna.
 - Tryggja þarf að nægu fjármagni (bæði frá hinu opinbera og frá einkaaðilum) sé veitt til rannsókna, þróunar og tæknivæðingar. Jafnframt þarf að tryggja að fjármagnið sé nýtt sem best, t.d. með því að auka kröfur um faglegt mat við úthlutun á rannsóknarfé
 - Til að ferli nýsköpunar skili árangri er mikilvægt að fyrir hendi sé traust samstarf milli þeirra aðila sem koma að ferlinu.
 - Stjórnvöld, Seðlabankinn og aðilar vinnumarkaðarins bera sameiginlega ábyrgð á að viðhalda eðlilegum stöðugleika í efnahagslífinu.